



## ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

### 2. FUNDUR.

2. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra haldinn í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga mánudaginn 5. nóvember. Kl. 15:51. Formaður setur fundinn  
Mættir undirritaðir.

### Dagskrá.

1. Skrifstofustjóri Guðrún Ragnarsdóttir fer yfir gerð fundargerða.
2. Skúli Þórðarson Sveitarstjóri fundar með ráðinu.
3. Reglugerð Ungmennaráðs Húnaþings vestra.
4. Erindi varðandi hárnét í mötuneyti grunnskólans.
5. Umsókn um styrk frá Æskulýðsfélagi Hvammstangakirkju
6. Önnur mál

### Afgreiðslur

1. **Skrifstofustjóri Húnaþings vestra fór yfir fundasköp með ráðinu. Skrifstofustjóri vék af fundi eftir fyrsta lið.**
2. **Skúli Þórðarson Sveitarstjóri liður 2 féll niður.**
3. **Reglugerð Ungmennaráðs Húnaþings vestra. Starfsmaður ráðsins las upp tillögu að reglugerð fyrir ungmennaráð Húnaþings vestra. 11 grein var breytt og reglugerð síðan samþykkt af ungmennaráði og send til Sveitarstjórnar til samþykktar.**
4. **Guðrún Helga fór yfir reglugerð varðandi tilbúning og dreifingu matvæla og annara neyslu- og nauðsynja vara. Samkvæmt 14. grein VII. kafla, þá skal starfsfólk hafa höfuðfat (hárnét, húfu, hettur). Ungmennaráð mun senda skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra bréf. Þar sem spurt verður af hverju matráðskonur notist ekki við höfuðfat eins og fram kemur í ofangreindum lögum.**

5. Séra Magnús var fenginn á símafund. Ráðið samþykkir umsókn um styrk frá ÆSKÞ kirkjunnar uppá 127.000 kr. Og vísar þessu til Sveitarstjórnar til samþykktar.
6. Önnur mál, engin afgreiðsla.

**Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:08**

---

**Kolbrún Erla Gísladóttir.**

---

**Guðrún Helga Magnúsdóttir.**

---

**Ragnar Bragi Ægisson**

---

**Aníta Hrund Hjaltadóttir**

---

**Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir**

---

**Karólína Gunnarsdóttir  
Íþróttá- og tómstundafulltrúi**